

Ed.

126. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um flugferðir milli Íslands og annarra landa.

Frá Bjarna Benediktssyni og Gísla Jónssyni.

Hver árangur hefur orðið af áskorun Alþingis 9. febr. 1943 til ríkisstjórnarinnar um, að hún léti athuga, hvort tiltækilegt væri að kaupa þá þegar hingað til lands millilandaflugvél, eina eða fleiri, þannig að unnt yrði að koma á flugferðum fyrir landsmenn til Englands og Bandaríkja Norður-Ameríku, og ef slík flugvélakaup reyndust eigi gerleg, þá yrði leitað samninga við fulltrúa fyrrgreindra ríkja um, að meðan á ófriðnum stæði, yrði af þeirra hálfu haldið uppi föstum flugferðum hingað til lands frá þessum löndum, með þeim hætti, að landsmenn hefðu not af til ferðalaga og póstsendinga?

G r e i n a r g e r ð .

Gildi flugvéla fyrir samgöngur milli landa hefur aldrei komið eins glögglega fram og í ófriði þeim, er nú stendur. Þörf Íslendinga fyrir flugsamgöngur milli landa hefur og aldrei verið brýnni en nú og verður sjálfsagt eigi í náinni framtíð, því að þegar siglingar verða auðveldari en nú, minnkar sú nauðsyn, sem menn hafa nú fyrir flugsamgöngur, þótt eigi sé vafi á, að meginhluti farþegaflutnings milli landa muni í framtíðinni verða með flugvélum.

Svo sem nú háttar, kann að vera örðugt fyrir Íslendinga að koma á eigin millilandaflugferðum. En hitt er víst, að miklar flugsamgöngur eru til og frá landinu. Af hálfu umráðamanna þeirra mun eigi hafa verið fyrirstaða á, að landsmenn hefðu þeirra gagn, ef þeir færu í opinberum erindagerðum og í neyðartilfellum af sjúkdómsorsökum. Er skylt að þakka þá velvild, sem í þessu hefur lýst sér. En slíkrar fyrirgreiðslu er eigi síður þörf fyrir ýmsa aðra og um póstsendingar.

Af þessum sökum var samþykkt á Alþingi 9. febr. 1943 sú áskorun, sem í fyrir-sögunni greinir, og er þess nú vænt, að grein verði fyrir því gerð, hvað gert hefur verið til að hrinda þessu máli fram.